

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 86/1996.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Steinari Arnarsyni**

(Atli Gíslason hrl.)

Ölvunarakstur. Líkamstjón af gáleysi. Svipting ökuréttar. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1996. Af hálfu ákærvaldsins er krafist þyngingar á refsingu ákærða, sem verði ekki að öllu leyti skilorðsbundin, og frekari sviptingar ökuréttar svo og, að honum verði gerð fésekt.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Komi til þyngingar á refsingu ákærða, krefst hann þess til vara, að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin.

Með ákæru er ákærði sóttur til sakar fyrir að hafa aðfaranótt 2. október 1994 ekið bifreiðinni KE 819 of hratt og ógætilega undir áhrifum áfengis og neytt áfengis við aksturinn eftir tilgreindum þjóðvegi. Ákærði missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að farþegi í henni slasaðist alvarlega. Er þetta talið varða við 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 37. gr., en til vara 1. málslið 1. mgr. 36. gr., 4. mgr. 44. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt játningu ákærða fyrir dómi var hann sakfelldur, og eru brot hans réttilega færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var ákærði dæmdur til 30 daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar með dómi Héraðsdóms Vestfjarða 16. desember 1994. Brot ákærða, sem hér er til meðferðar, var framíð fyrir uppsögu þess dóms. Ákærða verður því gerð refsing í heild vegna beggja brotanna, og verður hún tiltekin samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga.

Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður

að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá þykir hæfilegt, að ákærði greiði 70.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Steinar Arnarson, sæti þriggja mánaða fangelsi, en refsingu skal fresta og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 70.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 16. febrúar 1996.**

Ár 1996, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-34/1995: Ákærvaldið gegn Steinari Arnarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákærskjali sýslumannsins á Patreksfirði, dagsettu 22. október 1995, á hendur ákærða, Steinari Arnarsyni sjómanni, Túngötu

25, Tálknafirði, kt. 300473-4159, fyrir að aka bifreiðinni KE-819 ógætlega, of hratt og undir áhrifum áfengis (1,61‰) aðfaranótt sunnudagsins 2. október 1994 eftir þjóðvegi nr. 663-05 frá Reykjarfirði og sem leið liggur inn í Fossfjörð, Vesturbyggð, en þar missti hann stjórn á bifreiðinni, eftir að hann hafði verið að neyta áfengis við aksturinn, allt með þeim afleiðingum, að bifreiðin rann til á veginum og hafnaði í vatnsrás, endastakkst þar eftir veginum og hafnaði loks á hjólunum og sneri þá í öfuga átt á veginum miðað við fyrri akstursstefnu. Farþegi í bifreiðinni, Helga Rán Sigurðardóttir, kt. 090879-3169, slasaðist alvarlega og hlaut m. a. brot á framanverðri mjaðmargrind og brot í spjaldbeini hægra megin, sem gera þurfti að í aðgerð á Landspítalanum.

Með afdráttarlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem er í samræmi við framburð hans hjá lögreglu og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Þykir háttsemin varða við 1. mgr. 4. gr., 1. ml. 1. mgr. 36. gr., 4. mgr. 44. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, svo og 1. mgr. 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann í Héraðsdómi Vestfjarða dæmdur til 30 daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar 16. desember 1994. Ber nú samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka upp þann dóm og dæma með máli þessu. Með hliðsjón af sakaverli ákærða að öðru leyti, hreinskilnislegri játningu og 78. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða þannig ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Þar sem um hegningarauka er að ræða, þykir þó enn rétt að skilorðsbinda fullnustu refsingarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökurétti. Með hliðsjón af alvarleika brotsins þykir sú svipting hæfilega ákveðin tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Áfrýjun dómsins frestar ekki verkun hans að þessu leyti.

Loks ber samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinar Arnarson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, þannig, að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki framkvæmd hans að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

---